

# Vinnureglur mótanefndar BLÍ

## Mótanefnd

Mótanefnd BLÍ starfar samkvæmt lögum og reglugerðum BLÍ. Mótanefnd er skipuð 3 einstaklingum sem sitja til tveggja ára.

Formaður nefndarinn skal koma úr stjórn BLÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála BLÍ, þar með talið skipulag Íslandsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð BLÍ um mótahald. Mótanefnd er heimilt að fela mótastjóra BLÍ að framkvæma þau verkefni sem henni er falið í reglum þessum og koma fram fyrir hennar hönd.

## Fundir

Nefndin skal hittast a.m.k. 4 sinnum yfir árið og svo eftir þörfum nefndarinnar.

Fundargerðir skulu ritaðar og sendar til stjórnar BLÍ.

## Verkefni

Verkefni mótanefndarinnar er:

- Að auglýsa eftir þátttökutilkynningum fyrir Íslandsmót og Bikarkeppni BLÍ.
- Að auglýsa eftir mótshöldurum fyrir fjölliðamót.
- Að gera tillögu að leikjaniðurröðun til skrifstofu BLÍ sem sér um útgáfu leikjaniðurröðunar og innheimtu þáttökugjalda.
  - Uppröðun yngri flokka móta skal vera gerð í samráði við yngri flokka nefnd.
- Að gera tillögu að mótafyrirkomulagi til stjórnar BLÍ ef ljóst er að mótahald verði ekki með þeim hætti sem tilgreint er í reglugerð um blakmót.
- Að skoða og samþykkja leikvelli og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur.
  - Að banna notkun leikvalla, ef nauðsyn krefur.
- Að fjalla um einstök tilfelli með mótastjóra sem varða frestanir eða breytingar á leikjum sem ekki falla undir þar til gerðar reglugerðir.
- Mótanefnd skal sjá um að yfirfara reglugerðir um frestanir leikja og koma með tillögur eftir því sem þurfa þykir fyrir Ársþing BLÍ.

- Mótahald strandblaksmóta er í höndum strandblaksnefndar.
- Mótahald Öldungamóts er í höndum mótshaldara Öldungs hvers árs.

### **Vellir og umgjörð**

Mótanefnd skal samþykkja leikvelli og umgjörð leikja í samræmi við reglur og viðmið FIVB.

Mótanefnd skal gera tillögu um nauðsynlegar úrbætur leikvalla gerist þess þörf.

Telji mótanefnd þörf á úrbótum skal aðvörun send á félag frá skrifstofu BLÍ ásamt tímaramma. Verði félag ekki við úrbótum innan setts tíma getur félag fengið sekt samkvæmt reglugerð BLÍ.

Mótanefnd leggur til sektarupphæð til stjórnar BLÍ fyrir 1. júní ár hvert.

Veittar undanþágur vegna t.d. lofthæðar og leiksvðis verða birtar á heimasíðu BLÍ.

### **Skýrsla mótanefndar**

Mótanefnd skilar skýrslu um starfsemi sína til framkvæmdarstjóra BLÍ fjórum vikum fyrir Ársþing BLÍ.

*Samþykkt af stjórn BLÍ 10. október 2024*